





Heildarendurskoðun skipulags - TILLAGA

Höepfnersbryggja - Siglingaklúbburinn Nökkvi



Greinargerð

Skipulag þetta er unnið af teiknistofunni Teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun af Halldóri Jóhannssyni og Lilju Filippusdóttur landslagsarkitektum.

Deiliskipulag fyrir Höepfnersbryggju, athafnasvæði Siglingaklúbbsins Nökkva, var samþykkt í bæjarstjórn 8. ágúst 2002. Breyting var gerð á því skipulagi þar sem skipulagssvæðið stækkaði til norðurs og var sú breyting auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 16. janúar 2006.

Er hér um heildarendurskoðun skipulags Höepfnersbryggju að ræða. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag m.s.br. úr gildi.

Forsendur

Í gegnum tíðina hefur Akureyri áunníð sér land með landfyllingum út í Pollinn, innst í Eyjafirði. Þjóðvegur 1, sem lagður var á landfyllingu, liggur nú meðfram strandlengjunni og skerðir aðgengi almennings að sjónum. Með landfyllingunum hafa fylgt sjóvarnir með grjótgörðum og er sandströnd því hvergi að finna við þéttbýlið en strandlengjan einkenndi einmitt bæjarmyndina á árum áður.

Siglingaklúbburinn Nökkvi hefur haft aðstöðu við Höepfnersbryggju. Hugmyndir um heildarskipulag smábátahafnar og útivistarsvæðis í stærra samhengi hafa áður verið í vinnslu. Því til stuðnings var gerð breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 í maí 2009, sem ráðgerir landfyllingu allt að 4,7 ha að stærð norðan Leiruvegar og út í Pollinn.

Skipulagið

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir aðstöðusköpun fyrir siglingaklúbbinn og byggingu klúbbhúss, skemmtisiglingar s.s. með klúbbhúsi, athafnasvæði, aðstöðu til sjósetningar auk bryggjussvæðis fyrir skemmtibáta. Markmið skipulagsins eru:

- að auka og bæta aðstöðu siglingaklúbbsins fyrir barna- og unglingastarf auk siglinga á smábátum og seglbrettum
- að bæta umhverfisrágang og gera svæðið meira aðlaðandi og aðgengilegra til stangveiði og útivistar fyrir almenning
- að skapa aðstöðu fyrir almenna skemmtibáta

Breytingar frá gildandi skipulagi

Heildarendurskoðun skipulagsins felur í sér breytingar á áherslum og stærðum en meginatriði eru þó þau sömu þ.e.:

- nýtt klúbbhús fyrir siglingaklúbb
- aukið bryggjurými
- aðkoma og bílastæði á norðanverðri fyllingu

Helstu breytingar við endurskoðun eru að nú er gert ráð fyrir:

- stærri landfyllingum, bæði að norðan- og að sunnanverðu
- auknu strandsvæði til útivistar meðfram Leiruvegi
- stærra klúbbhúsi fyrir siglingaklúbb
- meira bryggjurými með flotbryggjum
- ekki er lengur gert ráð fyrir aðstöðu fyrir smábátautgerð á svæðinu þar sem um skemmtibátahöfn er að ræða.

Landfyllingar

Skipulagið gerir ráð fyrir um 10.500 m² landfyllingu í heildina. Felur það í sér stækkun á núverandi landfyllingu til norðurs fyrir bílastæði, nýrrar landfyllingar sunnan núverandi landfyllingar fyrir nýtt klúbbhús og athafnasvæði því tengdu auk landsvæðis í krikanum við Leiruveg til útivistar.

Vegna mikillar sandsöfnunar norðan Leiruvegar gerir skipulagið ráð fyrir tæplega 200 m garði út frá Leiruvegi sem hafa mun áhrif á sandsöfnun í krikanum. Áhrifin verða nýtt með tvennum hætti, þ.e. að draga úr sandsöfnun við nýja landfyllingu við sjósetningarrampa og að safna sandi við grjótgarðinn fyrir framtíðar landfyllingu í krikanum.

Sandur hefur nú þegar safnast með náttúrulegum hætti við Leiruveg og þar er ráðgert að skapa útivistarsvæði með sandströnd og gróðri til skjól- og rýmismyndunar.

Byggingar og skilti

Núverandi klúbbhús mun færast til og nýfast sem kaffistofa fyrir notendur skemmtibátahafnar. Einnig er lagt til að núverandi bátageymsla verði fjarlægð. Nýtt og stærra klúbbhús er ráðgert á syðri landfyllingu og í tengslum við það verði reist bátageymsla.

Í skipulaginu eru skilgreindir tveir byggingarreitur:

- 102 m², fyrir kaffistofu (núverandi klúbbhús)
- 900 m², fyrir nýtt klúbbhús siglingaklúbbs og bátageymslu á allt að tveimur hæðum með risi, að hámarki 12 m.

Í klúbbhúsinu verði ýmis aðstaða s.s. búningasklefar, veitingasala o.fl. Útlit byggingar skal hannað með tilliti til gömlu byggðarinnar í Innbænum. Hámarkshæð þess er 12 m en ekki eru settar fyrirfram kvæðir um ákveðið byggingaræfni eða halla þaks. Byggingaræfnd getur þó hafnað notkun efna sem sýnt þykir að muni gefa húsi framaní svipmót og ekki samsvara sér í gömlu byggðinni. Við hönnun húss skal leitast eftir að mynda skjólsælt útsvæði sunnan og vestan klúbbhúss. Einnig skal gera ráð fyrir a.m.k. tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða við aðalinngang klúbbhússins og skal stærð og fjöldi fylgja byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Uppsetning skilta á deiliskipulagssvæðinu skal samræmast byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglum Akureyrarbæjar sbr. „Samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar“.



Málsmæðferð

Heildarendurskoðun þessa skipulags fékk málsmæðferð samkvæmt 1. m.gr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var auglýst þann ____ 2012 með athugasemdafresti til ____ 2012.
Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn þann ____ 2012.

Bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ____ 2012.



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 m.s.br.

Akbrautir/bílastæði/göngustigar

24 bílastæði eru áætluð á norðanverðri landfyllingunni auk stæðis fyrir hreyfihamlaða. Umferð vélknúinna ökutækja mun takmarkast við núverandi landfyllingu. Ráðgert er sleppisvæði með snúningshaus við flotbryggjur og kaffistofu sem mun auka öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu, einkum barna og þeirra sem þurfa að athafna sig með báta og segl.

Drottningabraut er utan skipulagssvæðis en gert er ráð fyrir ljósstyrðri gangbraut yfir hana við innkeyrslu.

Göngustigur er ráðgerður meðfram Drottningabraut og Leiruvegi og verður hann hluti af göngustiganeti Akureyrarbæjar.

Bryggjur

Fyrirkomulag bryggja verði með tvennum hætti, þ.e. fastar bryggjur verði meðfram nýrri landfyllingu og nýju klúbbhúsi og flotbryggjur verði út frá núverandi landfyllingu og kaffistofu. Munu flotbryggjur brjóta öldur og mynda dokk með föstu bryggjunum. Skábrautir til sjósetningar verði á tveimur stöðum, ein í dokkinni fyrir skemmtibáta og ein sunnan klúbbhúss fyrir smærri báta.

Skipulagsmörk

Skipulagsmörk ná til aðliggjandi skipulagssvæða þ.e. Innbæjarins til vesturs við Drottningabraut og flugvallarins til suðurs við Leiruveg.

Framtíðar landfylling er sýnd á skipulagssupprætti.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslög nr. 123/2010.

Í skipulagi þessu eru áætlaðar framkvæmdir sem hvorki krefjast umhverfismats né tilkynningar til Skipulagsstofnunar vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa. Í aðalskipulagi er skilgreind landfylling yfir 5 ha að stærð og má gera ráð fyrir að tilkynning verði unnin komi til þeirrar skipulagsvinnu í framtíðinni. Á uppdætti er afmörkun framtíðar landfyllingar sýnd.

Lagðir voru fram valdir umhverfisþættir til umfjöllunar út frá hugsanlegum áhrifum þessarar áætlunar og mat lagt á áhrif áætlunar á þá. Hverjum umhverfisþætti er gefin einkun með táknum - (neikvæð áhrif), + (jákvæð áhrif), +/- (háð útfærslu), ? (óvissa)

Umhverfisþættir	Áhrif skipulags-áætlunar				Skýring
	-	+	+/-	?	
sjór - vatnsflæði			x		Áhrif sjóvarmargarðs á straum sjávar eru talin óveruleg en gera má ráð fyrir að garðurinn hafi aukin áhrif á sandsöfnun meðfram Leiruvegi. Sjóvarmargarður og landfyllingar munu hafa varanleg áhrif á sjó og vatnsflæði en og munu áhrifin verða háð útfærslu.
líf í sjó - vistgerðir/búsvæði				x	Skipulagðar landfyllingar eru ekki taldar hafa veruleg áhrif á búsvæði en náttúruleg sandsöfnun hefur átt sér stað sl. áratugi sem hefur haft áhrif á vistgerðir á svæðinu.
félagslegt umhverfi - útivist og tömnundir		x			Skipulagt er bætt aðgengi bæði að fjöru og sjó fyrir almenning sem og bætt aðstaða til siglinga fyrir börn og fullorðna.
landslag - ásynd			x		Mikið land hefur verið unnið fram í Pollinn sl. áratugi. Náttúruleg ásynd strandlengjunnar er fyrir löngu horfin og einkenna sjóvarmargarðar núverandi strönd. Með nýrri landfyllingu og sandströnd eykst fjölbreytileiki ásyndar. Eru áhrifin talin háð frekari útfærslu mannvirkja.

Höepfnersbryggja - Siglingaklúbburinn Nökkvi

Heildarendurskoðun skipulags - TILLAGA

Kvarði í A1: 1:1.000 Hannað: HJ, LF

Dags. 13. júní 2012 - uppfært 19. júní 2012 Teiknað: LF

Kortagrunnur er frá Akureyrarbæ
Dýptarmæling er frá Siglingastofnun, ágúst 2009

Skipagata 12, 600 Akureyri / sími: 461-2800 / info@teikn.is / www.teikn.is

